

REGLUGERÐ**103**
15. okt.

um

breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað
frá 30. ágúst 1926.

1. gr.

Í stað orðanna „10 krónur fyrir hvert tonn“ í 14. gr. a.-lið komi: 5 krónur fyrir hverja smálest.

2. gr.

Í stað orðanna „15 krónur“ í 16. gr. 4. mgr. komi: festar- og uppsátursgjald 5 krónur á smálest.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. nóv. 1932, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

*Páll Pálmason.***REGLUGERÐ****104**
21. okt.

um

gerð og möskvastærð dragnóta, sem heimilt er að nota innan landhelgi.

1. gr.

Dragnót (þar til telst koladragnot) er nót, sem með strengjum er dregin eftir sjávarbotni að skipi, sem liggur fast fyrir akkerum. Á nótinni er tiltölulega stuttur poki, og tveir langir vængir. Á efri teini eru stórar korkflár, til þess að halda nótinni á lofti, en á neðra teini blýhólkar. Við enda vængjanna eru trékefli, eitt við hvorn væng, fest með stuttum kaðalbútum. Í kefli þessi eru dragstrengir festir með stuttum „hanafótum“. Hlerar eru engir, né neitt annað, er að nokkru leyti gæti komið í þeirra stað til útpenslu vængjanna. Á dragstrengjunum eru ekki heldur nein sérstök tæki, svo sem hálmviskar eða annað, til útpenslu nótarinnar.